

# Skýrsla Stjórnar Félags Leikstjóra á Íslandi 2013-2014

## *Innra starf FLÍ*

### *Stjórn*

Í stjórn FLÍ á starfsárinu sátu Jón Páll Eyjólfsson, formaður, Gunnar Gunnsteinsson, gjaldkeri og Kolbrún Halldórsdóttir, ritari. Varamenn í stjórn voru Rúnar Guðbrandsson, Agnar Jón Egilsson og Una Þorleifsdóttir.

Stjórn fundar reglulega og hélt alls 11 fundi á árinu. Stjórn sér um daglega umsýslu félagsins og ritstjórn vefsíðu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að vefsíðan miðli vel upplýsingum til félaganna um ráðstefnur, fundi, vinnustofur og annað sem eflir þekkingu og fagvitund félagsmanna.

### *Meðal mála sem stjórn afgreiddi á árinu voru:*

- Tillögur um fulltrúa FLÍ í nefndir, ráð og stjórnir utan félagsins
- Tillögur að starfsáætlun 2014-2015.
- Umsóknir nýrra félaga
- Tillögur að lagabreytingum
- Samninga við Leikfélag Akureyrar
- Drög að samningi verkefnaráðinna leikstjóra hjá áhugaleikfélögum
- Drög að launataxta leikstjóra vegna sérverkefna
- Samstarfi var komið á milli höfundarrétthafa í sviðslistum
- Nýtt merki félagsins var hannað
- Ný hönnun og virkni á heimasíðu félagsins

## *Nýir félagar á árinu*

Marta Nordal,

Ásbjörg Rut Jónsdóttir

Hjálmar Hjálmarsson

Ingibjörg Huld Haraldsdóttir

Agnes Wild

## *Kjaramál*

Baráttan fyrir betri kjörum leikstjóra hefur verið stærsta verkefni stjórnar á starfsárinu 2013 til 2014 eins og undanfarin misseri.

Nú í lok febrúar 2014 lauk langri samningalotu við Leikfélag Akureyrar með því að samninganefnd FLÍ skrifaði undir nýjan kjarasamning Félags leikstjóra á Íslandi og Leikfélags Akureyrar. Hinn nýsamþykkti samningur er birtur á vef félagsins undir flípanum „samningar“ ásamt ráðningarsamningi. Í samningnum eru nokkur nýmæli. Í honum er tekin upp ný launatafla, sem færir leikstjórum allt að 20% launahækkun. Samningurinn færir þannig kjör leikstjóra nær því sem sambærilegar stéttir innan BHM búa við. Í samningnum er skilgreind röðun í launaflokka og er þar að finna nýtt ákvæði sem metur frekara nám á háskólastigi til hækkunar launa. Einnig er endurskilgreind flokkun leiksýninga og samningslengd.

Stjórn Félags leikstjóra á Íslandi þakkar samninganefnd félagsins mikilvægt starf, en einnig öllum þeim sem lögðu grunninn að vinnunni á fyrri stigum. Undirbúningurinn hefur verið langur og strangur en nú er í höfn samningur við LA. Samninganefndinni hefur því tekist á undanförunum misserum að semja við Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur og nú Leikfélag Akureyrar.

Samningur FLÍ við Þjóðleikhúsið rann út nú í mars 2014 en samningurinn við Leikfélag Reykjavíkur rennur út í nóvember nk. Samkvæmt íslenskum lögum er kjarasamningur í gildi þar til nýr samningur hefur verið staðfestur, þrátt fyrir það að hann sé útrunninn og/eða honum hafi verið sagt upp. Nýr kjarasamningur er í gildi frá undirritun og virkur frá og með þeim degi sem kveðið er á um í samningnum. Verði nýr kjarasamningur hinsvegar ekki staðfestur af viðkomandi stjórn, félagsfundum eða þeim aðila sem er til þess bær, fellur sá samningur úr gildi og þá gildir gamli samningurinn áfram.

Í undirbúningi eru viðræður við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur en beðið er niðurstaðna úr samningum BHM sem munu hafa áhrif á kröfugerð okkar. Þó svo árangur hafi náðst er baráttunni ekki lokið. Ennþá er ólokið samningum við RÚV, Íslensku Óperuna og LHÍ. Nú standa yfir viðræður við RÚV og eru lagðar til grundvallar sömu kjarabætur og fengist hafa með samningum við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur. Samningaviðræður við RÚV fóru hægt og seint af stað, en þegar samninganefnd FLÍ leitaði til ríkissáttasemjara, þá fyrst komst einhver hreyfing á málín. Síðan hafa orðið mannabreytingar á yfirstjórn RÚV, sem hefur aftur seinkað vinnunni, en vonir standa til að hægt verði að ljúka samningum á næstu vikum. Félagið hefur einnig unnið drög að launataxta leikstjóra vegna sérverkefna og drög að samningi verkefnaráðinna leikstjóra hjá áhugaleikfélögum. Þessi drög eru hugsuð sem einhliða viðmiðanir þeirra leikstjóra sem taka að sér þessi störf. Þar eru launakröfur uppfærðar, auk þess sem réttindi, vinnuframlag og skyldur eru skilgreindar.

Ljóst er að það er ennþá langhlaup framundan í samningamálum FLÍ en samninganefndin er hins vegar full sjálfsstrausts og reiðubúin í samningaloturnar

frammundan. Þær kröfur sem settar eru fram af hálfu FLÍ eru afrakstur ítarlegrar greiningar á starfi leikstjórans og miða við að réttindi leikstjóra verði sambærileg við aðrar háskólamenntaðar stéttir sem starfa hjá hinu opinbera. Einnig að launakerfið viðurkenni fagþekkingu og ábyrgð leikstjóra og hvetji til þess að leikstjórar sækji sér aukna menntun, sem síðan skilar sér með aukinni þekkingu og fagmennsku til viðkomandi sviðslistastofnunar. Það er núna nærri ljóst að leiðrétting launa, aukin réttindi og launakerfi sem hvetur til aukinnar fagþekkingar og endurmenntunar mun ekki nást nema með því að leikstjórar allir sameinist til stuðnings FLÍ í þessari baráttu.

Samninganefnd FLÍ skipa nú:  
Páll Baldvin Baldvinsson formaður,  
Kolbrún Halldórsdóttir  
Jón Páll Eyjólfsson

## *Nefndir, ráð og stjórnir FLÍ*

### Menningarsjóður

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskrar leiklistar með því að veita leikstjórum styrki til a) framhaldsnáms, b) rannsóknarstarfa, c) ferðalaga erlendis til að kynna sér það sem efla mætti listþroska þeirra.

Menningarsjóður FLÍ síðari úthlutun 2013 og fyrri úthlutun 2014

#### **Menningarsjóður FLÍ síðari úthlutun 2013**

Stjórn menningarsjóðs FLÍ, er skipuð Gunnari Gunnsteinssyni, Agnari Jóni Egilssyni og Kristínu Ögmundsdóttur. Alls barst 1 umsókn til sjóðsins þegar auglýst var haustið 2013 en til úthlutunar voru 200 þúsund krónur. Sjóðurinn hafnaði umsókninni v. skorts á upplýsingum, svo ekki varð af seinni úthlutun úr sjóðnum 2013.

#### **Menningarsjóður FLÍ fyrri úthlutun 2014**

Stjórn menningarsjóðs FLÍ, er sem áður skipuð Gunnari Gunnsteinssyni, Agnari Jóni Egilssyni og Kristínu Ögmundsdóttur. Alls bárust 8 umsóknir til sjóðsins en til úthlutunar voru 600 þúsund krónur. Sjóðurinn úthlutaði styrkjum til eftirtalinna 6 leikstjóra: Evu Bjarkar Kaaber – ferðastyrkur, Evu Rúnar Snorradóttur– ferðastyrkur, Kolbrúnar Halldórsdóttur – ferðastyrkur og Mörtu Nordal– ferðastyrkur. Þá fengu Árni Kristjánsson og Unnar Geri Unnarsson hvor sinn rannsóknarstyrk. Úthlutað var 12. maí 2012.

Undanfarin ár hefur verið léleg ávöxtun á menningarsjóði FLÍ en á síðasta ári hefur hún verið betri. Tekjur sjóðsins eru ávöxtun á eign sjóðsins ásamt IHM úthlutun til FLÍ og greiðslum félagsmanna í sjóðinn samkvæmt kjarasamningum. Fyrir vorúthlutun sendi stjórn menningarsjóðs út hvatningu til félagsmanna að sækja um styrk til að fara á norrænu sviðslistadagana sem verða í Kaupmannahöfn í júní 2014. Stjórn mun halda áfram að benda félagsmönnum á tækifæri til endurmenntunar og þátttöku í alþjóðlegum hátíðum og ráðstefnum.

Gjaldkeri hverju sinni er sjálfkjörin í stjórn menningarsjóðs  
Aðalfundur kýs einn fulltrúa í stjórn menningarsjóðs sem situr í eitt ár  
Leiklistarsamband Íslands á einn fulltrúa í stjórn menningarsjóðsins.

#### *Menningarsjóður 2013-2014*

Gjaldkeri FLÍ: Gunnar Gunnsteinsson

Fulltrúi Leiklistarsambands Íslands: Kristín Ögmundsdóttir

Fulltrúi FLÍ: Agnar Jón Egilsson

### *Bandalag íslenskra listamanna*

FLÍ á fulltrúa í stjórn BÍL. Hér er úrdráttur úr starfsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi BÍL .

- BÍL verður áfram virkur þátttakandi í stefnumótun á vettvangi skapandi atvinnugreina innan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga sem og atvinnulífsins.
- BÍL standi vörð um þá uppbyggingu sjóðakerfis sem unnið hefur verið að á undanförunum árum, leggi áherslu á lifandi samspil launasjóða og verkefnatengdra sjóða..
- BÍL beiti sér fyrir því að töluleg gögn Hagstofu Íslands um störf listafólks og annarra í skapandi geiranum gefi sem gleggsta mynd af stöðu greinanna, með það að markmiði að listir og menning verði sjálfsagður hluti þjóðhagsreikninga.
- BÍL vinni áfram að sameiginlegum hagsmunum listafólks varðandi skattlagningu.
- BÍL leiti einnig nýrra leiða til að styrkja fjárhagslega stöðu sína með það að markmiði að ráða starfskraft til að slagkraftinn í hagsmunabaráttu listamanna.
- Það þjónar heildarhagsmunum listamanna að heimasíða BÍL verði þróuð áfram og hún gerð að vettvangi skoðanaskipta um listir

- BÍL beiti sér í baráttunni fyrir bættri listmenntun á öllum skólastigum.
- BÍL leggi rækt við norrænt og alþjóðlegt samstarf, m.a. á vettvangi höfundarréttarmála í samstarfi við systursamtök á Norðurlöndunum og innan ESB.
- BÍL taki virkan þátt í að bæta lagaumhverfi á sviði lista lista og menningar.
- BÍL vinni að uppbyggingu atvinnutækifæra fyrir listafólk um land allt, m.a. með þátttöku í verkefnum á vettvangi landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Formaður FLÍ hverju sinni er sjálfkjörinn fulltrúi í stjórn BÍL. Aðalfundur kýs einn varamann í stjórn BÍL sem situr í eitt ár.

#### *Fulltrúi FLÍ í stjórn BÍL 2013-14*

Jón Páll Eyjólfsson Varamaður: Una Þorleifsdóttir

#### *Fulltrúaráð IHM*

Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, skammstafað IHM. Aðaltilgangur IHM er að annast innheimtu gjalda af tækjum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku. Nánar er þetta tilgreint í ofangreindum lagaákvæði sbr. 2. grein laga nr. 60/2000 og reglugerð nr. 125/2001, sbr. reglugerð nr. 168/2001, sbr. reglugerð 227/2001.

Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) F-SÍK (Framleiðendafélagið - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda) FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef og Félag leikstjóra á Íslandi. Þær tekjur sem FLÍ fær úthlutað úr sjóði IHM renna í Menningarsjóð FLÍ.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð IHM. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

#### *Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði IHM 2013-2014*

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson, varamaður: Gunnar Gunnsteinsson

#### *Fulltrúaráð Listahátíðar*

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er þannig skipað að aðildarfélögin tilnefna í það einn fulltrúa með fullum atkvæðisrétti og annan til vara. Auk þeirra sitja í fulltrúaráðinu menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík.

Menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, tvö ár í senn. Varaformennsku gegna þeir hvor fyrir hinn. Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er félag samtaka, fyrirtækja og stofnana sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík. Fulltrúaráðið er samráðsvettvangur félagsmanna um hvað eina er lýtur að Listahátíð í Reykjavík og hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn og stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík, einkum um langtímamarkmið og stefnu hátíðarinnar.

Formaður og ritari FLÍ hafa setið í fulltrúaráðinu og eru sammála um að ýmislegt megi betur fara í starfi ráðsins. Á ársfundi fulltrúaráðsins 11. október 2013 var tilkynnt um breytingu á skipulagsskrá Listahátíðar í Reykjavík, sem felur það í sér að staða listræns stjórnanda hátíðarinnar verði auglýst við lok hvers fjögurra ára ráðningartímabils og starfandi stjórnanda verði því gert að sækja um starfið til næstu fjögurra ára ef viðkomandi hefur hug á að gegna því annað tímabil. Þessi breyting var ekki kynnt fulltrúaráðinu fyrir fundinn og alls ekki áður en hún var samþykkt í stjórn, sem má telja undarlegt þar sem fulltrúaráðið á fulltrúa í stjórn Listahátíðar. Þá koma fram á fundinum að laun til listamanna á hátíðinni 2013 voru 13 milljónum lægri króuntala en á hátíðinni 2012. Engar skýringar fengust á þessari undarlegu niðurstöðu í ársreikningi, þó leitað hafi verið eftir því á fundinum. Stjórn FLÍ hefur af því áhyggjur hversu ólýðræðislegur og þunglamalegur vettvangur fulltrúaráðið er. Þá telur stjórn FLÍ að skoða þurfi hvort dregið hafi úr mikilvægi Listahátíðar í Reykjavík með þeim ört stækkandi hátíðum sem boðið er upp á í Reykjavík árlega og eru sprottnar úr grasrót listafólks, sbr. Iceland Airwaves, Lókal og Reykjavík Dance-Festival. Í því sambandi hefur skipt verulegu máli sá stuðningur sem nýr borgarhátíðarsjóður Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar hefur stofnað til. Stjórn FLÍ telur eðlilegt að hefja umræðu um það hvort Listahátíð í Reykjavík hafi lokið sínu hlutverki og hvort betur fari á því að þeir fjármunir sem Reykjavíkurborg og ríkissjóður leggja hátíðinni til árlega verði nýttir til að stækka styrkjaþott Reykjavíkur til starfsemi sjálfstætt starfandi listmanna og forða verkefnasjóðum listgreinanna frá boðuðum niðurskurði á fjárlögum ríkisins.

Aðalfundur kýs einn aðalman og einn varamann í fulltrúaráð Listahátíðar.

Kjörtímabil þeirra er í eitt ár

*Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði Listahátíðar 2013-2014*

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson Varamaður: Una Þorleifsdóttir

## *Þjóðleikhúsráð*

Ráðið starfar samkvæmt Leiklistarlögum frá 1998 nr. 138 23. desember. Þar segir í 7. gr.: Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Félag íslenskra leikara tilnefnir einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrír eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur. Fulltrúi starfsmanna leikhússins, kjörinn úr hópi þeirra til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, á sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

Þjóðleikhúsráð fundaði með u.þ.b. mánaðarmillibili á s.l. leikári. Almenn fundasköp voru virt. Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri fór yfir stöðu mála í þjóðleikhúsinu í byrjun hvers fundar og Ari Matthíasson framkvæmdastjóri fór fyrir stöðu fjármála hússins þar á eftir. Rekstraráætlun hússins fyrir næsta leikár er ásættanleg og rekstarreikningur s.l. árs var samþykktur samhljóða fyrir skemmstu. Mannauðsmál voru tekin fyrir vegna verkefna sem féllu niður en að einhverju leyti var búið að manna og farið var fram á að samningar við verktaka sem taka að sér störf í húsinu væru ítarlegri. Framundan er vinna vegna ráðningarferlis þjóðleikhússtjóra en starfið verður auglýst á næstunni og nýr þjóðleikhússtjóri hefur störf um áramótin 2014-15.

Aðalfundur kýs einn aðalman og einn varamann í þjóðleikhúsráð. Kjörtímabil þeirra er í 3 ár. Á kjörtímabili fulltrúa í þjóðleikhúsráði hafa orðið breytingar á fulltrúum. Agnar Jón Egilsson kom inn sem varafulltrúi 2013 og varð aðalfulltrúi 2014.

### *Fulltrúar FLÍ í Þjóðleikhúsráði 2011-2014*

Aðalmaður: Rúnar Guðbrandsson, varamaður: Agnar Jón Egilsson

## *Leiklistarsamband Íslands.*

Leiklistarsamband Íslands er sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að málefnum sviðslista á Íslandi. Á starfsárinu hafa meginverkefni LSÍ verið eftirfarandi:

- Stefnumótun í samstarfi við aðildarfélög FLÍ
- Undirbúningur Norrænna sviðslistadaga sem haldnir verða Danmörk í júní 2014
- Kynning á íslenskum sviðslistamönnum með þátttöku þeirra á sviðslistahátíðum og kaupstefnum.
- Framkvæmd og umsýsla Grímunnar.
- Ritstjórn og viðhald á Stage.is sem nú gegnir sama hlutverki og “Theatre in Iceland” áður

Á síðasta aðalfundi LSÍ tók við nýr forseti LSÍ. Marta Nordal og Agnar Jón Egilsson var kjörinn ritari LSÍ.

Formaður FLÍ hverju sinni er sjálfkjörinn í fulltrúaráð LSÍ. Aðalfundur kýs einn varamann í fulltrúaráð LSÍ sem situr í eitt ár

#### Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði LSÍ 2013-2014

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson Varamaður: Una Þorleifsdóttir

#### *Fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands*

Stjórn Leikminjasafns Íslands skipa: Kolbrún Halldórsdóttir formaður, Hlín Gunnarsdóttir gjaldkeri, Ásdís Þórhallsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Magnús Þór Þorbergsson, Lilja Árnadóttir, Benóný Ægisson og Steinunn Knútsdóttir. Kjörnir varamenn eru Ragnheiður Skúladóttir og Lárus Vilhjálmsson.

Helstu áherslur og starfsemi Leikminjasafns Íslands á starfsárinu 2013-2014

- Stefnumótun; Í samræmi við starfsáætlun ársins, sem samþykkt var á aðalfundi safnsins 2013, hefur stjórn lagt áherslu á vinnuna við framtíðarstefnumótun fyrir safnið.
- Leitað er úrlausna til frambúðar á húsnæðismálum safnsins.
- Á árinu fagnaði safnið 10 ára afmæli og var afmælissýning Leikminjasafnsins haldin í samstarfi við Minjasafn Reykjavíkur í Árbæjarsafni í desember 2013.
- Safnasjóður veitti styrk til að gera Leikminjasafninu kleift að endurbæta og uppfæra gagnabanka safnsins um leiksýningar á Íslandi frá 1897 til dagsins í dag, halda upp á 10 ára afmælið og vinna eitt samstarfsverkefni með Norska húsinu í Stykkishólmi.



- Leikminjasafn var gestgjafi NCTD – Nordisk Center for Teater Dokumentation á ársfundi samtakanna, sem haldinn var í Reykjavík 14. - 16. júní 2013.
- Leikminjasafn Íslands tók formlega við rausnarlegri gjöf erfingja Róberts Arnfinnssonar leikara, en Róbert skráði og kortlagði leikferil sinn með einstökum hætti og lét eftir sig úrklippusafn, dagbækur, handrit, ljósmyndir og ýmsa muni sem tengjast farsælum ferli.
- Samstarf við Kjósarstofu vegna uppsetningar sýningar um leiklist í Kjós á vordögum 2014.
- Áframhaldandi samstarf Leikminjasafnsins við Minjasafn Reykjavíkur, núna er sýningin „Kvosin; Vagga leiklistar“ sýnd í húsinu Líkn í Árbæjarsafni.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

#### Fulltrúar FLÍ í stjórn Leikminjasafns Íslands starfsárið 2013-2014

aðalfulltrúi FLÍ: Viðar Eggertsson varafulltrúi FLÍ: Jakob S. Jónsson

### *Talía-loftbrú*

Talía er sjóður í eigu Félags íslenskra leikara, Félags leikskálda og handritshöfunda, Félags leikstjóra á Íslandi og Reykjavíkurborgar. Markmið og tilgangur sjóðsins er að styðja við sýningu og kynningu á íslenskri sviðslist erlendis og er sjóðurinn ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Stjórn sjóðsins boðar fundi þegar umsóknir liggja fyrir. Staða sjóðsins er ágæt en ekki hefur náðst að koma á samtali um áætlanir um að auka burði hans og tryggja að hann geti vaxið, starfað og stutt íslenskt sviðslistafólk til frambúðar.

Hægt er að nálgast stofnskrá sjóðsins á vef FLÍ eða sækja þar um í sjóðinn rafrænt. Stjórn skipar einn áheyrnarfulltrúa í stjórn Talíu. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

#### Fulltrúi FLÍ í stjórn Talíu 2013-2014

Jón Páll Eyjólfsson

### *BHM*

Á starfsárinu 2013-2014 sótti stjórn FLÍ nokkuð mikla þjónustu til BHM. Þar má nefna lögfræðiálit og ráðgjöf lögfræðings BHM. Framkvæmdastjóri BHM hefur verði samninganefnd mikill bakhjarl og ráðgefandi.

FLÍ tók þátt í annað sinn í kjarakönnun BHM. Þar er útkoma okkar ekki góð.

Könnunina má finna á vef BHM.

Stjórn FLÍ hefur einsett sér að gera úrbætur í kynningu á réttindum félagsmanna í sjóði BHM. Ljóst er að félagar hafa ekki greitt í sjóði BHM af vinnu sinni sem leikstjórar. Því hafa þeir ekki unnið sér inn réttindi né skilað inn félagsgjaldi til FLÍ. Þessu þarf að breyta. Á nýliðnum aðalfundi hækkaði BHM sín aðildargjöld. Megin ástæða þess er til að koma til móts við þann tekjumissi sem BHM verður fyrir vegna fámennari féлага, sem starfa verkefnabundið og hafa ekki greitt félagsgjöld sín í gegnum BHM.

Á aðalfundinum gengu tvö ný félög til liðs við BHM: Arkitektafélag Íslands og FÍLD: Félag Íslenskra listdansara. Við bjóðum arkitekta og listdansara velkomna til þessa mikilvæga samstarfs.

Formaður FLÍ hverju sinni á sæti í formannaráði BHM. Stjórn skal tilnefna varamann formanns.

Varamaður FLÍ í formannaráði BHM er Gunnar Gunnsteinsson

### *Valnefndir Grímunnar*

Í maí ár hvert tilnefnir FLÍ eftirfarandi fulltrúa í valnefndir Íslensku sviðslistaverðlaunanna Grímunnar.

Aðalvalnefnd sviðsverka 2 fulltrúa

Valnefnd barnaverka 2 fulltrúa

Valnefnd útvarpsverka 1 fulltrúa

Stjórn FLÍ þakkar fulltrúum valnefndum Grímunnar fyrir sína óeigingjörnu og þrotlausu vinnu sem innt var af hendi af fagmennsku og dugnaði.

### *Samráðsnefnd fagfélaga í sviðslistum*

Samráðsnefndin vinnur á grundvelli samþykktar fulltrúaráðs LSÍ. Þar er henni falið það hlutverk að standa að tilnefningum í nefndir og ráð fyrir hönd LSÍ samkvæmt samþykktum verklagsreglum LSÍ.

Samráðsnefnd Fagfélaganna kom að tveimur verkefnum á síðasta ári. Skipun fulltrúa í úthlutunarnefndir listamannalauna og svo leitaði Félag leikstjóra á Íslandi til samráðsnefndarinnar vegna óskar félagsins um að lagt yrði af stað í rannsókn á stöðu kvenna innan sviðslista á Íslandi. Bæði þessi málefni voru afgreidd í gegnum tölvusamskipti. En nefndin hittist ekkert á tímabilinu og er það miður. Einnig er það miður að fulltrúar annarra fagfélaga leiti ekki til nefndarinnar með málefni né svari póstum.

Fulltrúi FLÍ 2013-214

Una Þorleifsdóttir Aðalmaður. Jón Páll Eyjólfsson Varamaður.

## *Norrænt samstarf*

### *NSIR*

FLÍ er aðili að NSIR Sambandi Norrænna leikstjórafélaga. Noregur tók við formennsku í sambandinu 2014. NSIR er samræðuvettvangur leikstjóra á Norðurlöndum. Síðasti fundur var haldinn í Osló í maí 2014. Á þessum fundum eru fluttar skýrslur allra félaga þar sem farið er yfir það helsta sem gerst hefur hjá félögunum. Málefni höfundarréttar eru mikið rædd á Norðurlöndum þessa dagana og verið að undirbúa málsóknir á milliliði sem dreifa höfundarvörðu efni (símafyrirtæki og netþjónar). Lítið er að gerast í samningarmálum en einhverjar hækkningar hafa átt sér stað í samræmi við hækkningar á álmennum vinnumarkaði. Fulltrúar í stjórnnum hafa tekið töluverðum breytingum síðastliðið ár og má því búast við breytingum á áherslum. Félagar okkar í Danmörku hafa verið að óska eftir samtali við stofnanir en engir samningar eru til við stærstu leikhúsin í landinu.

Á fundinum var áfram rætt um þá þróun að sýningar eru framleiddar af sjálfstæðum aðilum og svo seldar inn í stofnanir. Því miður hafa fagfélögin ekki getað spronað við þessari þróun en þess í stað verið beint í samband við þá hópa/framleiðendur sem gera slíkt. Það mun vonandi skila sér í meiri meðvitund félagsmanna um rétt sinn og laun.

Jafnréttismál og staða kvenna var mikið rædd og er það málefni ofarlega á baugi hjá flestum félögum. Töluverð aukning hefur orðið á konum í faginu sem skilar sér í fjölgun kvenna í fagfélögunum. Fjölgun kvenna er í leikhússtjórastöðum, þó aðallega hjá minni leikhúsum úti á landi. Mikil umræða um endurmenntun, leiðtogaþjálfun og mentor program á sér stað hjá kollegum okkar.

Ákveðið var að breyta fyrirkomulaginu á fundunum en hvert land sem gegnir formennsku hefur gengt henni í tvö ár í senn. Nú hefur verið ákveðið að slíkt sé aðeins í eitt ár. Næsti fundur verður því í Danmörku að ári.

.

## *Rekstur FLÍ*

Þar sem endurskoðaðir reikningar félagsins eru ekki tilbúnir er rétt að bíða með yfirlit yfir rekstur FLÍ að svo stöddu. Þó má segja að eignir félagsins hafa ekki rýrnað milli ára og horfur góðar.

Stærsta verkefni stjórnar og gjaldkera 2014-2015 verður að virkja félagsmenn til að greiða í BHM. Farið verður í það að bjóða félagsmönnum FLÍ aðstoð við að skila inn skilagreinum en BHM ætlar í framtíðinni að stofna greiðsluseðil í heimabanka til að auðvelda innheimtu. Jafnframt hefur BHM boðið félagsmönnum í FÍL að greiða fast gjald og mun FLÍ fara fram á geta boðið sínum félagsmönnum upp á slíkt hið sama

### *Höfundarréttarráð*

Höfundarréttarráð er vettvangur fyrir kynningu og umræðu um höfundaréttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma, einkum tillögur um breytingar á höfundalögum og áhrif höfundalaga á samfélagið. FLÍ hefur rétt til setu í höfundarréttarráði þeir sem sæti eiga í höfundaréttarnefnd, skulu og eiga sæti í ráðinu, svo og þeir aðilar sem ráðherra skipar sérstaklega í ráðið. Menntamálaráðherra eða sá sem hann nefnir í sinn stað skal vera í forsæti á fundum höfundarréttarráðs. Boða skal til fundar í höfundarréttarráði einu sinni á ári, að jafnaði.

Fulltrúi FLÍ í höfundarréttarráði er Jón Páll Eyjólfsson

### *Ávarp formanns*

Nú er stjórn FLÍ í þriðja sinn að leggja fram drög að starfsáætlun fyrir aðalfund. Starfsáætlunin er stefnumótandi skjal og gefur í raun félögum tækifæri til þess að móta starf og stefnu félagsins. Hún endurspeglar áherslur félagsins og stefnu þess. Mörg af markmiðunum sem sett eru í starfsáætlun eru augljóslega framtíðar markmið sem nást jafnvel ekki á starfsárinu en að þeim er unnið jafnt og þétt. Á síðasta starfsári náðist að klára viðræður við Leikfélag Akureyrar og undirrita samning sem felur í sér sömu kjarabætur og réttindi og aðrir samningar félagsins. Viðræður standa yfir við RÚV og þeim mun ljúka á þessu ári með samningi. Þróun á heimasíðu var hafin og mun hún líta dagsins ljós undir haustið og mun auðvelda okkur að ná mörgum markmiðum sem sett eru í starfsáætluninni eins og kynningu á réttindum og kjörum leikstjóra. Auðvelda okkur að þjónusta félaganna og upplýsa þá. Hér fyrir aðalfundinn er einng lögð fram drög að samningi verkefnaráðinni leikstjóra í áhugaleikhúsi ásamt taxta leikstjóra í sérverkefnum. Þessi drög hljóta vonandi stuðning fundarmanna og munu verða til þess að leikstjórum verði kleift að verðleggja vinnu sína og skilgreina skyldur og ábyrgð þegar þeir taka að sér verkefni í áhugaleikhúsi eða sérverkefni.

Undanfarin þrjú ár hafa verið átaka ár í samningamálum og hefur mikið gengið á og á stundum hefur loftið verið læfi blandið og tilfinningaþrungið. Nú hins vegar sér fyrir endan á þeirri löngu og ströngu baráttu. Okkur er að takast að vinna upp þann "halla" sem var á kjörum leikstjóra. Nýtt skeið er að renna upp og undir nýjum fána. Stjórn

fól fagmönnum að vinna nýtt merki fyrir félagið sem verður afhjúpað á þessum fundi. Undir því merki munum við nú vegna þess ávinnings sem orðið hefur í kjarabaráttu okkar getað beint starfsorku stjórnar og félaganna að faginu sjálfu. Orðræðunni um list okkar og því starfsumhverfi sem okkur er gert að skapa list. Beint sjónum að hlutverki og ekki síst mikilvægi okkar félagsmanna í listrænu og samfélagslegu tilliti.

Með framtíðarkveðju

Jón Páll Eyjólfsson  
Formaður FLÍ